

Söngdagskrá Ísaksskóla 2024-2025

Tröppusöngur

Elsku heimur
Heyr himna smiður
Skínum skært
Skólasöngur
Krúsílfus
Í löngu máli
Smávinir fagrir
Vikivaki
9 ára: Lofsöngur

Elsku heimur

Úr Fíasól gefst aldrei upp
Lag og ljóð: Bragi Valdimar Skúlason

Þú ert svo sem ágætur
krúttlegur og kringlóttur
En elsku heimur,
þú mættir bæta þig

Himinn er stundum grár
og sjórinn ekki nógu blár
Svo elsku heimur,
þú mættir bæta þig

Ég skal gera mitt
— þá verður þú að gera þitt
Byrjum á okkur sjálfum
svo kemur allt hitt

Veröldin er agaleg
eða er það kannski bara ég?
En allavega, þú mættir bæta þig

Ég skal gera mitt
— þá verður þú að gera þitt
Byrjum á okkur sjálfum
svo kemur allt hitt

Við búum víst á þessum stað
og ég kann að meta það
En elsku heimur,
þú mættir bæta þig
En elsku heimur,
þú mættir bæta þig.

Heyr, himna smiður

Lag: Þorkell Sigurbjörnsson
Ljóð: Kolbeinn Tumason

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Skínum skært

Lokalag Krakkaskausins 2024
Lag: Íris Rós
Ljóð: Árni Beinteinn, Vilhjálmur B. Bragason og Íris Rós

Auðvelt er að missa sjón
á því sem okkur er kærast.
Er dimma fer og myrkrið er mest,
þá skína stjörnurnar skærast.

*Láttu ljósið þitt skína skært,
svo leiðina við betur sjáum.
Nú af reynslunni höfum lært
og betri tímar koma bráðum.*

Lítið bros getur breytt,
dimmu í dagsljós og magnast.
Hvert og eitt, hönd í hönd.
Heiminn við getum lagað.

Þegar eitthvað bjátar á,
pössum við upp á hvert annað.
Sterkari við erum öll

þegar við stöndum saman.

*Láttu ljósið þitt skína skært
svo leiðina við betur sjáum.
Nú af reynslunni höfum lært
og saman nýjum hæðum náum.*

Við erum boðberar kærleikans
og saman settu marki náum.
Með samstöðu fáum fram breytingar
og baráttan byrjar hjá okkur sjálfum.

*Láttu ljósið þitt skína skært
svo leiðina við betur sjáum.
Nú af reynslunni höfum lært
og saman nýjum hæðum náum.*

Skólasöngur

Lag og ljóð: Björk Sigurðardóttir
Samið í tilefni af 90 ára afmæli Ísaksskóla árið
2016

Með fjör í augum, framtíð bjarta,
fyrir en varir byrja
lítil börn með lungu og hjarta
að leika sér og spyrja.
Í skóla fá þau svör og starf,
söng og gleði skarta,
visku, dyggð og von í arf,
í veganesti að narta.

*Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.*

Börnin ná í boltann sinn,
bjallan var að hringja,
úr frímínútum flykkjast inn
og fara svo að syngja.
Þau langar til að líða vel,

lesa, skrifa og reikna,
fá venskap, hlýju og vinabel,
í vinnubækur teikna.

*Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.*

Krúsílus

Lag og ljóð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Kannastu við köttinn minn?
Hann klókur er en besta skinn.
Hann er stærri en hestur
og stærri en hús.
Já, kötturinn minn heitir Krús- Krús-
Krús-
Krúsílus.

Hann er gulur og grænn og blár
galdraköttur í húð og hár.
Og ég veit hvað hann syngur
og víst er það satt
að Krúsílus hann á köflóttan hatt.
Krúsílus.

Krúsílus kynlegur er
og klórar oft í tærnar á mér.
Hann vill aldrei fisk
er með væl og pex
og segist bara vilja súkkulaðikex.
Krúsílus.

Og ekki nennir hann að elta mýs
því alla daga vill hann rjómaís.
Hann er alltaf að stækka
en enginn það sér
því Krúsílus býr í kollinum á mér.
Krúsílus.

Í löngu máli

Lag og ljóð: Una Torfadóttir

Hvenær fórstu síðast í hláturskast?
Hvaða orð finnst þér falleg?
Er það hvernig þau hljóma eða hvað þau
þýða?
Og hvenær varstu síðast dónaleg?
Hvað er það við stað sem gerir hann kósí?
Hvað finnst þér erfitt en gefandi?

Hvað finnst þér um sumar á Íslandi?
Hvaða afrek hafa gert þig stolta?
Notaru blýant eða penna?
Ef þú gætir verið hvar sem er
Hvert í heiminum myndirðu vilja fara?
Myndirðu vilja vera hér?

Viltu svara öllu í löngu máli?

Mig langar að heyra!

*Síðan máttu svara aftur,
langar svo að þú talir meira.*

Því þú segir svo vel frá,

gleymir aldrei neinu.

Ég segi góðar sögur

en ég hef þær ekki á hreinu,

en kannski ef ég segi þér

þá manstu þær með mér

Hvað er það fallegasta sem þú hefur séð?
Hvað er mikilvægt í fari fólks?
Hvað finnst þér skemmtilegt að gera?
Ef þú gætir verið hvar sem er,
Hvert í heiminum myndirðu vilja fara?
Myndirðu vilja vera hjá mér?

Viltu svara öllu í löngu máli?

Mig langar að heyra!

*Síðan máttu svara aftur,
langar svo að þú talir meira.*

Því þú segir svo vel frá,

gleymir aldrei neinu.

Ég segi góðar sögur

en ég hef þær ekki á hreinu,

en kannski ef ég segi þér

þá manstu þær með mér

Manstu hvaða flík þú ferð í fyrst?
Hvernig væri best að taka á móti
þér þegar þú kemur heim?
Myndirðu vera alltaf hjá mér?

Viltu svara öllu í löngu máli?

Mig langar að heyra.....

Smávinir fagrir

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley! vér mættum margt
muna hvurt öðru' að segja frá;
prýði þér lengi landið það
sem lifandi guð hefir fundið stað
ástarsælan, því ástin hans
alls staðar fyllir þarfir manns.

Vikivaki

Lag: Valgeir Guðjónsson

Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Aaaa, aaaaa.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Aaaa, aaaaa.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!